

**Nd.**

**419. Frumvörp**

til laga um vexti.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar samið er um vexti af peningaláni, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 5% á ári.

2. gr.

Heimilt er að taka allt að 6% ársvexti af peningaláni með veði í fasteignum.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um vexti, nr. 10, 7. febr. 1890.